

MINNISBLAÐ

Efni:	Minnisblað – Undirbúningur fyrir innritun haustið 2025
Dagsetning:	16.9.2025
Dreift:	Bæjarráð
Ritað af:	Hanna Halldóra Leifsdóttir

Efni: Staða innritun barna í leikskóla haustið 2025

Innritun í leikskóla í Garðabæ fyrir haustið 2025 hefur gengið einstaklega vel. Í apríl var öllum börnum sem fædd eru í júlí 2024 og eldri á boðið leikskólapláss. Apríl og maí mánuðir voru notaðir til að fylgja eftir svörum frá foreldrum og greiða úr óskum þeirra foreldra sem höfðu hafnað þeim plássum sem þeim hafði verið boðið. Í lok maí voru börnum sem fædd eru í ágúst og september 2024, alls 43 börnum, boðin leikskólavist. Ágúst mánuður var notaður til að fara yfir biðlista og kanna hversu mörg stöðugildi átti eftir að ráða í hjá leikskólunum. Í kjölfarið var öllum börnum sem fædd eru í október 2024 boðið pláss. Auk þess voru innrituð nokkur eldri börn sem bæst höfðu á biðlistann yfir sumarið.

Samkvæmt gögnum úr Völu innritunarkerfi er staðan á biðlistanum 12.9.2025 eftirfarandi:

Fæðingarár	Fjöldi
2020	3
2021	2
2022	1
2023	0
2024*	1

*Börn fædd í október eða fyrr.

Fjöldi barna í leikskólum Garðabæjar 1. nóvember n.k. verður 1456, þar af eru um 200 börn fædd 2024 sem eru að hefja leikskólagöngu núna í haust. Hér fyrir neðan má sjá aldursskiptingu leikskólabarna í Garðabæ:

Fæðingarár	Fjöldi
2020	321
2021	317
2022	290
2023	300
2024	237

Samkvæmt gögnum eru 8 börn með lögheimili í Garðabæ í vistun hjá dagforeldri.

Mönnun leikskóla er ennþá krefjandi og viðvarandi verkefni en staðan er betri í haust en oft áður. Flestir skólar eru fullmannaðir en nokkrir stjórnendur eiga eftir að ráða í lausar stöður og er þá helst um að ræða afleysinga og stuðningsstöður.